



Dalabyggð

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi
Bjarnarbraut 8
310 Borgarnesi

Dalabyggð, 22. júlí 2020
Málsnr. 2005027

Efní: Stofnun nýsköpunar- og frumkvöðlasteturs í Dalabyggð.

Í Dalabyggð viljum við reyna hvað við getum til að auka fjölbreytni í atvinnulífi. Sveitarfélagið sér tækifæri í því að koma upp aðstöðu þar sem hugmyndaríkir aðilar hefðu rými til að vinna að verkefnum sínum og raungera viðskiptahugmyndir sem eftir gætu atvinnulíf innan sveitarfélagsins, einskonar nýsköpunar- og frumkvöðlastetur þar sem einnig væri hægt að bjóða upp á fræðslu fyrir íbúa og aðstöðu fyrir þá íbúa sem sinna eða eiga möguleika á störfum án staðsetningar.

Setrið sjálft, yrði í umsjá Dalabyggðar en samstarfs og aðstoðar við uppbyggingu m.a. leitað hjá ráðherra nýsköpunar og þeim sem taka við verkefnum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Þá er einnig ætlunin að leita eftir samstarfsverkefnum við fyrirtæki í sveitarfélagsinu og horfa til verkefna og starfa sem hægt er að vinna óháð búsetu utan höfuðborgarsvæðisins eða stærri byggðarkjarna. Nú þegar er verið að vinna að uppsetningu framleiðslueldhúss og mögulegi matarsmiðju á svæðinu. Þá er nauðsynlegt að skoða þau tækifæri sem gætu fylgt því ef verður af virkjun vindorku á svæðinu.

Þar sem nýsköpunar- og frumkvöðlastetur eru hafa þau aukið verðmætasköpun, eftir atvinnulíf og bætt lífskjör íbúa á svæðinu. Með stofnun slíks seturs í Dalabyggð væri ekki aðeins verið að útbúa aðstöðu, heldur einnig byggja upp samfélag nýsköpunar innan Dalabyggðar sem veitir verkefnum og hugmyndum stuðning til að komast í framkvæmd.

Hugnast okkur best ef hægt væri að fá rými í stjórnsýsluhúsi Dalabyggðar að Miðbraut 11 í Búðardal sem er í eigu Ríkiseigna fyrir setrið en eignum eftir að sjá hvernig þær viðræður ganga. Þannig sjáum við líka fyrir okkur að þjónusta ráðgjafa á vegum SSV sem koma hérra reglulega, myndi nýtast betur inn í vinnu setursins ef það væri undir sama þaki auk þess sem samráðsfundir sveitarstjórnar og atvinnumála fara einnig fram í húsinu.

Að þessu útlistuðu sendum við þetta erindi og leitum samstarfs við SSV um ráðgjöf og aðstoð til að setrið geti orðið að raunveruleika. Höfum við einnig sent erindi á ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra sem við sendum ykkur afrit af.

Með bestu kveðju og von um góðar undirtektir,

Fyrir hönd Dalabyggðar



Kristján Sturluson

sveitarstjóri





Dalabyggð

AFRIT

Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Dalabyggð, 20. júlí 2020
Málsnr. 2005027

Efni: Stofnun nýsköpunar- og frumkvöðlaseturs í Dalabyggð.

Í Dalabyggð horfum við til þess auka fjölbreytni í atvinnulífi. Eins og víða höfum við fundið fyrir samdrætti vegna afleiðinga heimsfaraldurs en á krefjandi tímum þarf að hugsa út fyrir rammann og meðal Dalamanna eru ýmsar hugmyndir í mótu. Dalabyggð sér tækifæri í því að útbúa aðstöðu fyrir hugmyndaríka einstaklinga þar sem þeir hefðu rými til að vinna að verkefnum sínum og raungera viðskiptahugmyndir sem eftir gætu atvinnulíf innan sveitarfélagsins. Einnig eru dæmi um að íbúum hafi staðið til boða atvinna án staðsetningar en skort hefur á aðstöðu til þess. Sjáum við fyrir okkur að aðstöðuna væri einnig hægt að nýta fyrir slík störf.

Byggðarráð Dalabyggðar samþykkti að fela undirrituðum að undirbúa stofnun nýsköpunar- og frumkvöðlaseturs. Setrið sjálft, yrði í umsjá Dalabyggðar og samstarfs m.a. leitað við Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) og þá aðila sem taka við verkefnum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Þá er einnig ætlunin að leita eftir samstarfsverkefnum við fyrirtæki í sveitarfélagsinu og horfa til verkefna og starfa sem hægt er að vinna óháð búsetu utan höfuðborgarsvæðisins eða stærri byggðarkjarna. Nú þegar er verið að vinna að uppsetningu framleiðslueldhúss og mögulegri matarsmiðju á svæðinu. Þá er nauðsynlegt að skoða þau tækifæri sem gætu fylgt því ef verður af virkjun vindorku á svæðinu.


Nýsköpunar- og frumkvöðlasetur væri hægt að nýta til að stuðla að aukinni verðmætasköpun, eflingu atvinnulífs og bæta lífskjör íbúa sveitarfélagsins. Með stofnun þess væri ekki aðeins verið að útbúa aðstöðu heldur einnig byggja upp samfélag nýsköpunar innan Dalabyggðar sem veitir verkefnum og hugmyndum stuðning til að komast í framkvæmd.

Í stjórnsýsluhúsinu í Búðardal er rými í eigu Ríkiseigna sem stendur að mestu autt. Einfaldast væri fyrir sveitarfélagið að halda utan um verkefnið ef það væri í sama húsi og stjórnsýsla þess. Sem dæmi um þjónustu sem myndi styðja vel við þetta verkefni má nefna að ráðgjafar SSV í atvinnu-, nýsköpunar- og menningarmálum eru með reglulega viðtalstíma í starfsrými sveitarfélagsins og þar eru einnig haldnir fundir sem eru samráðsvettvangur sveitarfélags, atvinnurekenda og fyrirtækja á svæðinu. Með því að ríkið myndi styðja við nýsköpunar- og frumkvöðlasetur með því að láta þetta rými undir starfsemi þess yrði ekki til neinn viðbótarkostnaður fyrir ríkið en ágóðinn til lengri tíma augljós.

Dalabyggð leitar til ráðherra ferðamála, iðnaðar- og nýsköpunar og óskar eftir liðsinni til að láta framangreinda hugmynd verða að veruleika. Eru forsvarsmenn Dalabyggðar tilbúnir til frekara samtals og einnig að veita upplýsingar ef þess er óskað.

Með bestu kveðju og von um góðar undirtektir,

Fyrir hönd Dalabyggðar


Kristján Sturluson
SVEITARSTJÓRI
DALABYGGÐAR